

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

*Íbúðabyggð í Grænási í Njarðvík, Reykjanesbæ.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. janúar 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í Grænási í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem afmarkast í austri af Njarðarbraut, í suðri af Fitjum, í vestri af Reykjanesbraut og í norðri af Grænásvegi.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um .

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 8. febrúar 2001.*

**Ellert Eiríksson** bæjarstjóri.